

- 105 hlutabryjfa svo framsal sje gilt, og hefir hlutafjelagið forkaups-  
rjett að 10% hlutafjárupphæðar. — 1 atkvæði fylgir hverjum 500  
króna hlut. Enginn hluthafi má fara með meira en 4 atkvæði. —  
Fundi og tilkynningar skal boða í ábyrgðarbrjefi til hluthafa. —  
Undirskriftum skal haga þannig:

H.f. „Pröstur“

Brynjólfur Þorsteinsson. Ólafur Ólafsson.

H.f. „Pröstur“

Ólafur Ólafsson. Erlendur Jónsson.

H.f. „Pröstur“

Brynjólfur Þorsteinsson. Erlendur Jónsson.

H.f. „Pröstur“

Brynjólfur Þorsteinsson. Ólafur Ólafsson. Erlendur Jónsson.

pr. pr. „Pröstur“

E. Ó. Ásberg.

106

## AUGLÝSING

frá skráritara vörumerkja í Reykjavík  
um skrásetningar þær, sem gjörðar hafa verið árið 1927.

*Skrás. 1927, nr. 1.*

Tilkynt 12. janúar 1927, kl. 6. síðd. af The Coca-Cola Company  
verksmiðjurekstur, Atlanta í Georgia, Bandaríkjunum N.-Ameríku, og skrá-  
sett 18. s. m.



Orðin COCA-COLA með bandi á milli. Er C-ið í fyrra orðinu fram-  
lengt og myndar strik fyrir neðan orðið, en C-ið í seinna orðinu strik  
fyrir ofan orðið.

Samkv. tilkynningu 22. apríl 1905, er merkið skrásett í Washington  
31. október s. á. fyrir styrkjandi drykki og fyrir síróp til framleiðslu á  
slíkum drykkjum, og er sú skrásetning síðar endurnýjuð 16. júní 1925.  
— Orðin „Coca-Cola“ ber að skoða sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir  
ofangreindar vörutegundir.

*Skrás. 1927, nr. 2.*

106

Tilkynt 12. janúar 1927, kl. 6 síðd., af Fertilizer Sales. Limited, verslun, London, Englandi, og skrásett 18. sama mán.



Tveir hringar með sameiginlegum miðdepli, en í báða hringana vantar kafla til hægri handar. Gegnum báða hringana gengur eldingargeisli.

Samkv. tilkynningu 28. júlí 1926, er merkið skrásett í London 21. október s. á. fyrir efnavörum til notkunar við landbúnað, garðyrkju, dýra- og mannalækningar — þó ekki þar með talið klórkalk til heilsufræðislegra afnota og svipaðar vörur svo og sóttþreinsunarsápur.

*Skrás. 1927, nr. 3.*

Tilkynt 19. janúar 1927, kl. 3 síðd., af G. M. Björnsson, verslun og umboðssala, Reykjavík, og skrásett 22. s. m.



106

Upphafstafurinn T með breiðum, svörtum grunnfleti, og er efst í þverfleti stafsins orðið: T H U L E, prentað með grönnu hvítu lettri. Þar undir, niður eftir legg stafsins, stendur orðið: F I L M, og eru stafirnir í því hver niður af öðrum, einnig grannir, hvítprentaðir. Loks er neðst, í fæti stafsins orðið: R E Y K J A V Í K, prentað með hvítum upphafsstöfum.

*Skrás. 1927, nr. 4.*

Tilkynt 1. febrúar 1927, kl. 2 sídd., af The Goodyear Tire & Rubber Company, verksmiðjurekstur, Arkon í Ohio, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 5. s. m.

GOODYEAR

Orðið: GOODYEAR, í bogadreginni línu.

Samkv. tilkynningu 6. maí 1921, er merkið skrásett í Washington 23. ágúst s. á. fyrir hjólhringa með tilheyrandi slithringum, að öllu eða nokkru leyti úr togleðri (harðgúmmí), og er orðið „Goodyear“ að skoða sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

*Skrás. 1927, nr. 5.*

Tilkynt 9. febrúar 1927, kl. 6 sídd., af General Motor Corporation, verksmiðjurekstur, Detroit í Michigan, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 15. s. m.

PONTIAC

Orðið: PONTIAC.

Samkv. tilkynningu 26. júlí 1926, er merkið skrásett í Washington 21. desember s. á. fyrir bifreiðar.

*Skrás. 1927, nr. 6.*

Tilkynt 9. febrúar 1927, kl. 6 sídd., af Melroses Limited, verslunarfjelag, Leith á Skotlandi, og skrásett 15. s. m.

MELROSE'S TEA

Orðin: MELROSE'S TEA.

Samkv. útskrift úr ensku vörumerkjaskránni, dags. 19. jan. 1927, er merkið skrásett í London 21. janúar 1926, 42. flokki, fyrir te, og eru orðin: „Melrose's tea“ að skoða sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir þá vörutegund.

*Skrás. 1927, nr. 7.*

106

Tilkynt 16. febrúar 1927, kl. 2 síðd., af Hf. Brjóstsykurgerðin „Nói“, verksmiðjureskur, Reykjavík, og skrásett 17. s. m.



Ferhyrndur einkennismiði með dökkbláum haffleti á hvítum grunni, en á ská yfir flöt þenna er letrað orðið: NÓI.

Efst í fletinum til vinstri handar, er mynd af örskúla á floti, sem einnig er blá á hvíttum grunni, og er orðið: NÓI letrað á hlið hennar.

*Skrás. 1927, nr. 8.*

Tilkynt 17. febrúar 1927, kl. 6 síðd., af Planters Products, Limited, verksmiðjureskur, London, Englandi, og skrásett 5. mars s. á.



Orðið: Delecta, ritað með skrautlettri þannig, að úr a-inu er er dregið stryk undir orðið, er nær fram undir D-ið.

Samkv. tilkynningu 3. nóvember 1925, er merkið skrásett í London 14. október 1926, 42. flokki, fyrir súkkulaði og allskonar sælgæti.

*Skrás. 1927, nr. 9.*

Tilkynt 28. febrúar 1927, kl. 3 síðd., af Caterpillar Tractor Co., verksmiðjureskur, San Leandro, California, Bandaríkjum, N.-Am., og skrásett 5. mars s. á.

## CATERPILLAR

Orðið: CATERPILLAR.

Samkv. tilkynningu 18. nóvember 1910, er merkið skrásett í Washington 19. mars 1912 fyrir bensín-, gufu- og dráttarvjar, uppskeruvjar og vegagerðarvjar.

Samkv. úrskriftum úr vörumerkjaskrá Bandaríkjanna, dags. 14. maí og 28. júlí 1925 er tilkynnandi þá fyrst skráður sem eigandi merkisins,

*Skrás. 1927, nr. 10.*

Tilkynt 8. mars 1927, kl. 3 síðd., af Helsingborgs Gummifabriks Aktiebolag, verksmiðjurekstur Hälsingborg, Svíþjóð, og skrásett 12. s. m.



Þrír turnar og múrveggur innan bogadreginnar línu, en í aflöngum ferhyrningi þar fyrir neðan stendur orðið: HELSINGBORG.

Samkv. tilkynningu 22. desember 1926 er merkið skrásett í Stokkhólmi 11. janúar 1927 fyrir skóhlífar, snjóstígvjel, gúmmístígvjel, leikfimissskó, þilfarsskó, gúmmíknetti, og önnur leikföng úr gúmmí, lawn-tennisknetti, gúmmihæla, gúmmísóla, maltgerðarskósóla, bálka undir maltgerðarskó, gúmmíhringi, gúmmísnúrur, gúmmíborða, gúmmíslöngur, gúmmídúka, gúmmíreimar, gúmmímottur, hömlukubba úr gúmmí, gúmmíþjettingar, brjóstsvuntur, gluggaþjettingar, gasbelgi, gúmmískjóður, gúmmíhana, hjólgjarðir, gúmmípípur, stigsveifagúmmí, reiðhjóladekk, dagskó, gúmmívaltara, gúmmíhringi á vagnhjól, óhola gúmmíhringi á bifreiðar, gúmmídekk og gúmmíslöngur fyrir bifreiðar, reiðhjól og mótoreiðhjól, knattborðspófa, gúmmíundirdýnur, gúmmísvæfla, ísskjóður úr gúmmí eða gúmmíbornu klæði, fótknattablöðrur, allskonar gúmmíborinn vefnað, vörur úr harðgúmmí og tinnugúmmí og aðrar gúmmívörur, gúmmísvampa, gúmmídúsur, ásamt tekniskum vörum og handlækningavörum úr gúmmí.

*Skrás. 1927, nr. 11.*

Tilkynt 16. mars 1927, kl. 12 á h., af Standard Oil Company (New Jersey), verksmiðjurekstur, Bayonne í New Jersey og New York, N. Y., Bandaríkjum N.-A., og skrásett 31. s. m.



Svartur hringur og yfir miðju hans orðið: STANDARD, milli tveggja strika. 106

Samkv. tilkynningu 23. janúar 1926 er merkið skrásett í Washington 6. apríl s. á., fyrir hreinsaðar, hálfhreinsaðar og óhreinsaðar olíur, framleiddar úr hráolíu, bæði með og án viðbótar af dýra-, jurta- og steinefnum, til lýsingar, eldsneytis, orkuframleiðslu, leysingar, hitunar og smurningar, svo og fyrir smurningsfeiti.

*Skrás. 1927, nr. 12.*

Tilkýnt 21. mars 1927, kl. 12 á h., af R. J. Reynolds Tobacco Company, verksmiðjurekstur, Winston-Salem í North Carolina, Bandaríkjum N.-A., og skrásett 31. s. m.



Ílangur miði, er skiftist í þrjá reiti, rjetthyrndan ferhyrning með skrautumgerð og opna reiti til beggja hliða. Í opna reitnum til vinstri sjest landlagsmynd frá austurlöndum. Í miðreitnum sjest mynd af úlfalda og í baksýn eyðimörk. Fyrir ofan úlfaldann stendur orðið: CAMEL bogadregið, en fyrir neðan standa orðin: TURKISH & DOMESTIC BLEND CIGARETTES. Í opna reitnum til hægri er sömuleiðis landlagsmynd frá austurlöndum.

Samkv. tilkynningu 28. júlí 1926, er merkið skrásett í Washington 4. janúar 1927 fyrir reyktóbak og vindlinga, og orðið: „CAMEL“ að skoða sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

*Skrás. 1927, nr. 13.*

Tilkýnt 19. apríl 1927, kl. 5 síðd., af L. O. Dietrich, saumavjelagerð, Altenburg, (Thür.), Þýskalandi og skrásett 23. s. m.

# DAISY

Orðið: DAISY.

Samkv. tilkynningu 2. mars 1926, er merkið skrásett í Berlín 9. desember s. á. fyrir saumavjela og hluta í þær, svo sem skyttur, skyttu-

- 106** spólur, varastingplötur, olíukönnur, olíuflöskur, skrúfjárn, nálar, taufætur, randsaumataeki, stikur, stikur fyrir baðmull, földunartæki, hlífar, sting- og krullunartæki, fellingartæki og önnur áhöld, sem notuð eru við margvíslega saumavinnu, saumavjelagögn, saumavjelahreyfla og saumavjelanálar.

*Skrás. 1927, nr. 14.*

Tilkent 19. apríl 1927, kl. 5 síðd., af L. O. Dietrich, saumavjela-, járnsteypu-, og húsgagnagerð, Altenburg, (Saehs.-Alt), Þýskalandi, og skrásett 23. s. m.



Sporöskjulagaður baugur og stendur efst í honum: L. O. DIETRICH. ALTENBURG. Þá er þríhyrningur og innan í honum mynd af saumavjel, en þar undir stendur orðið: VESTA og neðst orðið: NÄHMASCHINE.

Samkv. tilkynningu 6. júní 1919, er merkið skrásett í Berlín 18. ágúst 1920, fyrir saumavjelar og hluta í þær handa heimilum og til iðnaðar, aðallega fyrir fatagerð, língerð, þrjónagerð, lífstykkja, hlífa-, hatta-, og skógerð, saumavjelagrindur úr járni eða trje, saumavjelakassa og saumavjelaborð, drifverk og skiftingar fyrir saumavjelar, saumavjelagögn og áhöld, geymslustokka fyrir saumavjelaáhöld, hjálparáhöld við saumavjelar, svo sem fætur, földunartæki, stikur, áhöld til að sauma og stoppa með, olíukönnur úr gleri eða blikki, áhöld úr trje, stáli og járni fyrir saumavjelar, dráttmyndir, saumavjelar reknar með rafmagni, rafmagnsáhöld, rafmagnshreyfla, vjelar til búsáhalda, þvottavindur og vjelavöltur.

*Skrás. 1927, nr. 15.*

106

Tilkynnt 20. apríl 1927, kl. 11 árd., af Merell-Soule Company, verk-smiðjurekstur, Syracuse í New York-ríki, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 25. s. m.



Kringlóttur, dökkur miði, þar sem orðið: KLIM stendur með ljós-um stöfum.

Samkvæmt tilkynningu 28. nóvember 1911, er merkið skrásett í Washington 30. apríl 1912 fyrir þurrar mjólkurafurðir, og er orðið „Klim“ að skoða sem sjerstakalega tilbúið heiti fyrir þessar vörutegundir.

*Skrás. 1927, nr. 16.*

Tilkynning 20. apríl 1927, kl. 11 árd., af General Motors Corpora-tion, verk-smiðjurekstur, Detroit í Michigan, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 25. s. m.



Óregluleg, kringlótt umgerð og í henni skrautritaðir stafirnir: L a S, samanbundnir.

Samkvæmt tilkynningu 6. október 1926, er merkið skrásett í Washington 8. febrúar 1927 fyrir bifreiðar.

106

*Skrás. 1927, nr. 17.*

Tilkynt 20. apríl 1927, kl. 11 árd., af Tootal Broadhurst Lee Company, Limited, verksmiðjurekstur og verslun, Manchester, Englandi, og skrásett 25. s. m.

## TOOTAL

Orðið: TOOTAL.

Merkið er skrásett í London 13. nóvember 1922, 24. flokki, fyrir baðmullarvörur.

*Skrás. 1927, nr. 18.*

Tilkynt 20. apríl 1927, kl. 11 árd., af sama og skrásett 25. s. m.

## TOBRALCO.

Orðið: TOBRALCO.

Merkið er skrásett í London 25. janúar 1900, 24. flokki, fyrir baðmullarvörur.

*Skrás. 1927, nr. 10.*

Tilkynt 20. apríl 1927, kl. 11 árd., af sama og skrásett 25. s. m.




Ferstrendur miði með mynd af pýramída fyrir ofan orðin: PYRAMID HANDKERCHIEFS í tveim línunum.

Merkið er skrásett í London 13. janúar 1910, 25. flokki, fyrir tilbúna baðmullarvasaklúta, og síðan endurnýjað 13. janúar 1924. Óskast orðið „Pyramid“ skoðað sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreinda vörutegund.

*Skrás. 1927, nr. 20.*

106

Tilkynt 29. apríl 1927, kl. 11 árd., af Gísla J. Johnsen, útgerð, verslun og verksmiðjurekstur, Vestmannaeyjum, og skrásett 2. maí s. á.



Merkið líkist skildi að lögun, snýr oddur hans niður, en breiði endinn upp. Breiði endinn er lítið eitt bogadreginn upp á við og tengdur við hliðarnar sitt hvoru megin með smábogum, með beygjum inn á við. Í breiða enda merkisins eru tveir fiskar, sem snúa bökum saman, svo og höfðum og sporðum; sporðarnir vita upp, en höfuðið niður, og mynda fiskarnir sporöskjulagað bil milli sín og standa þar í stafirnir: G. J. J. Fiskar þessir bera milli sín í munnum aflangt, ferhyrnt spjald, snýr eitt horn þess upp, annað niður, en hin tvö eru hulin upp í fiskinum. Á spjaldi þessu stendur orðið: ÍSLAND, og eru miðstafir orðsins stærstir, en minka svo til beggja enda. Undir höfði fiskanna er aflangur reitur og stendur í honum orðið: VESTMANNAEYJAR. Fyrir neðan aflanga reitinn og laust við hann er mynd af afhöfðuðum, flöttum fiski, þar sem hnakkinn snýr upp, en sporðurinn niður. Nær sporðurinn niður undir skjaldarodd, án þess þó að nema við hann.

106

*Skrás. 1927, nr. 21.*

Tilkynt 4. maí 1927, kl. 3 síðd., af Vilhelm Bengel Söhne, verk-smiðjurekstur, Stuttgart í Þýskalandi, og skrásett 7. s. m.

Orðið: **Ribana.**

Samkvæmt tilkynningu 4. mars 1912, er merkið skrásett í Berlín 13. júní s. á. fyrir ofinn og þrjónaðan yfir-og nærfatnað, efni í hann, ullarband til vefnaðar, sokka, hálsokka, magabelti og svitaleppa.

*Skrás. 1927, nr. 22.*

Tilkynt 11. maí 1927, kl. 4 síðd., af General Motors Corporation, verk-smiðjurekstur, Detroit í Michigan, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 27. s. m.

Orðið: **LA SALLE**

Samkvæmt tilkynningu 6. október 1926, er merkið skrásett í Washington 5. apríl 1927 fyrir bifreiðar.

*Skrás. 1927, nr. 23.*

Tilkynt 14. maí 1927, kl. 5 síðd., af John Haig & Co., Limited, verk-smiðjurekstur, Markinch á Skotlandi, og skrásett 27. s. m.



*Good Whisky should be old and thoroughly matured in wood. This is guaranteed by the undersigned.*

*Whisky has been a study with us, not only for a lifetime, but for generation upon generation.*

*John Haig & Co. (Ld.)*


Flöskumynd, þar sem á hálsinum og botninum eru miðar með áletrun: John Haig & Co. Distillers Markinch — og: Diple 'Scots — The Original Haig Whisky. Fyrir neðan myndina standa ummæli um vöruna og neðst orðið: John Haig & Co. (Ltd.), með rithönd.

106

Merkið er skrásett í London 23. maí 1923, 43, flokki, fyrir skoskt Whisky.

*Skrás. 1927, nr. 24.*

Tilkynt 1. maí 1927, kl. 3 síðd., af H/f. Copland, verslun, Reykjavík, og skrásett 27. s. m.



Orðið: COPLAND, bogadregið. Undir miðju orðinu er merki, er myndast við, að tveir jafnarma þríhyrningar falla saman á grunnlínunum þannig, að topphorn minni þríhyrningsins veit upp, en topphorn þess stærra niður.

Merkið er skrásett fyrir allskonar sjávarafurðir.

*Skrás. 1927, nr. 25.*

Tilkynt 17. maí 1927, kl. 11 árd., af H/f. Efnagerð Reykjavíkur, verksmiðjurekstur, Reykjavík, og skrásett 27. s. m.

# Lillu

Orðið: LILLU, skáletrað upp á við, með rithönd.

Merkið er skrásett fyrir konfekt, kakaó, allskonar súkkulaði, marsipan, karamellur, allskonar brjóstsykur, sykraða ávexti, ávaxta-mauk, kex, hunang, vanillusykur, allskonar lakkrís, limonadeduft, gos-drykki, allskonar öl, edik, edikssýru, „soya“, matarliti, ávaxtaliti, alls-konar safa, allskonar dropa, olíur og safa, sem notaðir eru til heimilis-þarfa, kaffibætir, „tannpasta“, hárgljáa, allskonar smyrsl, andlitsduft, hárméðul, ilmvötn og öll önnur fegrúnarefni, allskonar sápur, þvotta-efni, kertí og skóáburð, allskonar fægilög, fægiduft, bón, vjelaolíur, vagnáburð, sóða, skúringaduft, brons, liti, blek, lakk og olíur.

Er orðið „Lillu“ að skoða sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir ofan-greindar vörutegundir.

*Skrás. 1927, nr. 26.*

Tilkynt 3. júní 1927, kl. 3 síðd., af Stuarts and Jacks, Limited of Esk Mills, verksmiðjurekstur, Musselburgh á Skotlandi, og skrásett 14. s. m.



Í ferstrendri umgerð, þar sem tvö efri hornin eru sniðskorin, er hringur með mynd af Herkules, sem er að teygja fiskinet, en þar fyrir neðan standa orðin: „HERKULES“ BRAND, og skrautlínur þar fyrir neðan.

Merkið er skrásett í London 10. júlí 1922, 49. flokki, fyrir fiskinet, og 50. flokki, fyrir garn til fiskinetjagerðar.

*Skrás. 1927, nr. 27.*

Tilkynt 16. júní 1927, kl. 2 síðd., af General Motors Corporation, verksmiðjurekstur, Detroit í Michigan, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 23. s. m.



Skjaldarmynd með tveim vængjum.

Samkvæmt tilkynningu 5. janúar 1927, er merkið skrásett í Washington 10. maí s. á. fyrir bifreiðar.

*Skrás. 1927, nr. 28.*

Tilkynt 22. júní 1927, kl. 2 síðd., af Axel Blomberg, verslun, Forssjö Bruk í Katarineholm, Svíþjóð, og skrásett 30. s. m.

*Radiowoll*

Orðið: Radiowoll.

Samkvæmt tilkynningu 15. janúar 1924, er merkið skrásett í Stokkhólmi 4. mars s. á. fyrir geislandi (radioaktive) klæði, vefnað, allskonar gólfábreiður, umbúðir, smyrsl, olíuliti, límliti og aðra liti og veggfóður. Er orðið „Radiowoll“ að skoða sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir ofantaldar vörutegundir.

*Skrás. 1927, nr. 29.*

Tilkynt 22. júní 1927, kl. 2 síðd., af L. O. Dietrich, saumavjela-gerð, Altenburg í Thüringen, Þýskalandi, og skrásett 30. s. m.

**Juno**


Orðið: Juno.

106

Samkvæmt tilkynningu 1. júní 1899, er merkið skrásett í Berlín 11. júlí s. á. fyrir saumavjelar og saumavjelanálar, og er orðið „Juno“ að skoða sem sjerstakt tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

*Skrás. 1927, nr. 30.*

Tilkynt 28. júní 1927, kl. 11 árd., af R. J. Reynolds Tobacco Company, verksmiðjurekstur, Winston-Salem í North Carolina, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 2. júlí s. á.



Ferstrendur, rauður miði, gáraður. Á honum sjest milli orðanna: PRINCE ALBERT, að ofan, og: CRIMP CUT LONG BURNING PIPE AND CIGARETTE TOBACCO, að neðan, sporöskjulagaður reitur og í honum mannsmynd.

Samkvæmt tilkynningu 29. nóvember 1926, er merkið skrásett í Washington 17. maí 1927 fyrir tóbak, sem sje reyktóbak í pípur og vindlinga, og eru orðin „Prince Albert“ að skoða sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir greindum vörutegundum.

*Skrás. 1927, nr. 31.*

106

Tilkent 5. júlí 1927, kl. 12 á hád., af Gold Dust Corporation, verk-smiðjurekstur, Jersey City í New Jersey og New York, N. Y., Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 4. ágúst s. á.



Miði, sem ætlaður er til álímingar á fjórar hliðar, lok og botn á öskju. Sá hluti miðans, sem ætlaður er fyrir hliðar öskjunnar, myndast af fjórum reitum ferstrendum og eru tveir þeirra með bogadregnum hornum. Í fyrsta og þriðja reit sjást undir orðunum: GOLD DUST, tvö lítil svertingjabörn, sem leika sjer að öskju og nokkrum fægiáhöldum. Í öðrum reit sjást sömuleiðis tvö lítil svertingjabörn yfir orðunum: GOLD DUST á skreyttum grunni og undir bogadregnu bandi með áletruninni: FAIRBANK'S. Í fjórða reitnum milli orðanna: GOLD DUST og: GOLD DUST CORPORATION, tvö lítil svertingjabörn, sem halda á öskju milli sín. Þeir hlutar miðans, sem ætlaðir eru fyrir lok og botn öskjunnar, eru sömuleiðis ferstrendir reitir með áletruninni: GOLD DUST.

Samkvæmt tilkynningu 20. febrúar 1925, er merkið skrásett í Washington 7. júlí s. á. fyrir þvottaduft, og eru orðin „Gold Dust“ að skoða sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir þá vörutegund.

*Skrás. 1927, nr. 32.*

Tilkynt 25. júlí 1927, kl. 3 síðd., af Hood Rubber Company, verk-smiðjurekstur, Watertown í Massachusetts, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 16. ágúst s. á.

**A  
R  
R  
O  
W**


Orðið: ARROW, prentað lóðrjett.

Samkvæmt tilkynningu 25. ágúst 1925, er merkið skrásett í Wash- ington 6. júlí 1926 fyrir gúmmí-stígvjel og -skó, gúmmí-utanyfirskófatnað og ljereftsskófatnað með gúmmísólum, og er orðið „Arrow“ að skoða sem sjerstakt tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

*Skrás. 1927, nr. 33.*

Tilkynt 25. júlí 1927, kl. 3 síðd., af sama, og skrásett 16. ágúst s. á.

Miði að lögun sem tvíydd ör, þar sem stendur orðið: HOOD, með ör í gegnum.




Samkvæmt tilkynningu 25. ágúst 1925, er merkið skrásett í Washington 23. mars 1926 fyrir gúmmí-stígvjel og -skó, gúmmí-utan- yfirskófatnað og ljereftsskófatnað með gúmmísólum. Er orðið „Hood“ að skoða sem sjerstakt heiti á ofangreindum vörutegundum,

*Skrás. 1927, nr. 34.*

Tilkynt 25. júlí 1927, kl. 3 síðd., af The Asiatic Petroleum Company, Limited, verslun, London á Englandi, og skrásett 16. ágúst s. á.

106



SHELL BRAND

Mynd af hvíttri báruskel (hörpudisk) á svörtum grunni, en þar fyrir neðan standa orðin: SHELL BRAND.

Merkið er skrásett í London 28. október 1922, 47. flokki, fyrir kerti, náttljós, ljósvax, olíur og feiti til ljósa, hitunar og áburðar, vjela-olíur og vjelaspritt.

*Skrás. 1927, nr. 35.*

Tilkynt 3. september 1927, kl. 3 síðd., af Franz Entress, verk-  
smiðjurekstur, Nürtingen í Þýskalandi, og skrásett 10. s. m.



*Prof. Dr. G. Jaeger*

Í sporöskjulöguðum hring standa orðin: Dr. Jäger's Normal Woll System, en innan við hringinn standa orðin: FRANZ ENTRESS STUTTGART. Fyrir ofan þessi orð er skjaldarmerki, og í því stafurinn E, skrautritaður. Neðst í hringmyndinni er aflangur reitur og standa í

**106** honum orðin: alleinig concessionirt für Strickwaren, en þar undir rit-  
letruð orðin: Prof. Dr. G .Jaeger.

Samkvæmt tilkynningu 27. nóvember 1896, er merkið skrásett í  
Berlín 4. mars 1897 fyrir þrjónavörur, sem eru annaðhvort handunnar  
eða búnar til með Lamb's þrjónavjelum, eftir aðferð próf. dr. Jaeger's  
(þó eigi þar með taldar nærbuxur, nærskyrtur og treyjur) úr hreinni  
sauðfjárull eða úr svipuðum dýraafurðum, svo sem úlfalda-, cachemir-,  
alpacca-, mohaire-, vicuna(lama)- eða svipaðri ull eða samblandi af þess-  
um ullartegundum. — Er tilkynnandi fyrst skráður sem eigandi merkis-  
ins 6. júní 1916 og merkið síðast endurnýjað 14. desbr. 1925.

*Skrás. 1927, nr. 36.*

Tilkynt 19. september 1927, kl. 6 síðd., af Paige-Detroit Motor  
Car Company, verslun, Detroit í Michigan, Bandaríkjum N.-Ameríku,  
og skrásett 30. s. m.



Í tvöföldum skáferhyrningi stendur orðið: PAIGE.

Samkvæmt tilkynningu 24. október 1918, er merkið skrásett í  
Washington 1. apríl 1919 fyrir bifreiðar.

*Skrás. 1927, nr. 37.*

Tilkynt 6. október 1927, kl. 5 síðd., af The Astiatic Petroleum  
Company, Limited, verslun, London á Englandi, og skrásett 14. s. m.  
Orðin:

## GOLDEN SHELL

Merkið er skrásett í London 25. október 1926, 47. flokki, fyrir  
kerti, næturljós, ljósvax, olíur og feiti til ljósa, hitunar og smurningar,  
eldsneytisólíur og loftnæma eldsneytisvökva.

*Skrás. 1927, nr. 38.*

Tilkynt 6. október 1927, kl. 5 síðd., af sama, og skrásett 14. s. m.  
Orðin:


## SINGLE SHELL

Merkið er skrásett í London 25. október 1926, 47. flokki, fyrir  
kerti, næturljós, ljósvax, olíur og feiti til ljósa, hitunar og smurningar,  
eldsneytisólíur og loftnæma eldsneytisvökva.

*Skrás. 1927, nr. 39.*

106

Tilkynt 6. október 1927, kl. 5 síðd., af sama, og skrásett 14. s. m.




### DOUBLE SHELL

Á tveimur hliðum þríhyrnings hvíla tveir hörpudiskar, en þar fyrir neðan standa orðin: DOUBLE SHELL.

Merkið er skrásett í London 28. október 1922, 47. flokki, fyrir kerti, næturljós, ljósvax, olíur og feiti til ljósa, hitunar og smurningar, eldsneytisolíur og loftnæma eldsneytisvökva.

*Skrás. 1927, nr. 40.*

Tilkynt 6. október 1927, kl. 5 síðd., af sama, og skrásett 14. s. m.



Þrjú hörpudiskar, en í boga fyrir ofan og til hliðar við þá standa orðin: TRIPLE SHELL.

Merkið er skrásett í London 23. nóvember 1926, 47. flokki, fyrir kerti, næturljós, ljósvax, olíur og feiti til ljósa, hitunar og smurningar, eldsneytisolíur og loftnæma eldsneytisvökva.

106

*Skrás. 1927, nr. 41.*

Tilkýnt 9. október 1927, kl. 5 síðd., af Hudson Motor Car Company, verksmiðjurekstur, Detroit í Michigan, Bandaríkjum N.-Ameríku, og skrásett 14. s. m.



Í sexstrendri umgerð stendur orðið: ESSEX, en þar fyrir neðan orðin: SUPER SIX.

Samkvæmt tilkynningu 16. febrúar 1927, er merkið skrásett í Washington 19. júlí s. á. fyrir fólksflutningabifreiðar og ökutæki.

*Skrás. 1927, nr. 42.*

Tilkýnt 17. nóvember 1927, kl. 11 árd., af Ólíuverslun Íslands h/f., verslunarrekstur, Reykjavík, og skrásett 29. s. m. Orðið:

# SUNNA

Merkið er skrásett fyrir steinolíu og steinolíuafurðir, og er orðið „Sunna“ að skoða sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir þær vörutegundir.

*Skrás. 1927, nr. 43.*

Tilkýnt 17. nóvember 1927, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 29. s. m. Orðið:

# JÖTUNN

Merkið er skrásett fyrir steinolíu og steinolíuafurðir, og er orðið „Jötunn“ að skoða sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir þær vörutegundir.

*Skrás. 1927, nr. 44.*

106

Tilkynt 17. nóvember 1927, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 29.  
s. m. Orðið:

# MJÖLNIR

Merkið er skrásett fyrir steinolúu og steinolúuafurðir, og er orðið „Mjöl­nir“ að skoða sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir þær vö­rutegundir.

*Skrás. 1927, nr. 45.*

Tilkynt 17. nóvember 1927, kl. 11 árd., af sama, og skrásett 29.  
s. m. Orðið:

# GRETTIR

Merkið er skrásett fyrir steinolúu og steinolúuafurðir, og er orðið „Grettir“ að skoða sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir þær vö­rutegundir.

*Skrás. 1927, nr. 46.*

Tilkynt 1. desember 1927, kl. 12 á hád., af Det Danske Petro­leums Aktieselskab, verslun, Köbenhavn, og skrásett 3. s. m. Orðið:

# Varnolene

Samkvæmt tilkynningu 23. september 1922, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 7. október s. á. fyrir steinkenda terpentínu, jurtakenda terpentínu, smurningsolíu, ljósvökva, steinolúu, bensín, nafta, eldsneytis­olíu, koppafeiti, vasilín, parafín og aðrar steinolúuafurðir.

106

*Skrás. 1927, nr. 47.*

Tilkynnt 1. desember 1927, kl. 12 á hád., af sama, og skrásett 3. s. m. Orðið:

# ESSO

Samkvæmt tilkynningu 16. apríl 1926, er merkið skrásett í Kaupmannahöfn 22. maí s. á. fyrir allskonar afurðir, sem búnar eru til úr hráolíu, sjerstaklega hreinsaðar, hálfhreinsaðar og óhreinsaðar olíur og fituefni, bæði aukin með dýrakendri, jurtakendri eða steinakendri olíu og án hennar, til ljósa, hitunar, orkuframleiðslu, eldunar og smurninga.

*Skrás. 1927, nr. 48.*

Tilkynnt 6. desember 1927, kl. 10 árd., af The Fisk Rubber Company, verksmiðjurekstur, Chicopee Falls í Massachusetts, Bandaríkjum N.-Ameríku. Orðið:

# FISK

Samkvæmt tilkynningu 18. mars 1919, er merkið skrásett í Washington 23. desember s. á. fyrir harðgúms hjólhringi.

*Skrás. 1927, nr. 49.*

Tilkynnt 6. desember 1927, kl. 10 árd., af sama. Orðið:


# FEDERAL

Samkvæmt tilkynningu 28. apríl 1921, er merkið skrásett í Washington 12. júní 1923 fyrir dekk og hjólhringi, innri slög, ytri hjólhringi, viðgerðarbætur, umbúðarefni, hjólbogabönd, hjólslängur, innri hjólhringi, viðgerðarljereft, slängur og pípur, ólar og rekólar, hömluhólka, ventla, fætur, slönguhlífar („flaps“) og miðilhjól, alt að öllu eða nokkru leyti úr harðgúmmi.

*Skrás. 1927, nr. 56.*

Tilkynt 6. desember 1927, kl. 10 árd., af sama. Flaggmyndað merki með áletruninni: Federal.

106



Samkvæmt tilkynningu 28. apríl 1921, er merkið skrásett í Washington 12. júní 1923 fyrir dekk og hjólhringi, innri slög, ytri hjólhringi, viðgerðarbætur, umbúðarefni, hjólbogabönd, hjólslöngur, innri hjólhringi, viðgerðarljereft, slöngur og pípur, ólar og rekólar, hömluhólka, ventlafætur, slönguhlífar („flaps“) og miðilhjól, alt að öllu eða nokkru leyti úr harðgúmmí. Orðið „Federal“ ber að skoða sem sjerstaklega tilbúið heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

*Skrás. 1927, nr. 51.*

Tilkynt 6. desember 1927, kl. 10 árd., af sama. Geispandi krakki í náttfötum; í annari hendinni heldur hann á stjaka með logandi kerti, en á hinni öxl hans hangir bifreiðardekk. Fyrir neðan standa orðin: Time to Re-tire?



**Time to Re-tire?**

Samkvæmt tilkynningu 26. janúar 1914, er merkið skrásett í Washington 21. júlí s. á. fyrir lofthringi og fylta harðgúmshringi á

- 106 vagna. Orðin „Time to Re-tire?“ ber að skoða sem sjerstakt heiti fyrir ofangreindar vörutegundir.

*Skrás. 1927, nr. 52.*

Tilkynt 7. desember 1927, kl. 11 árd., af The Parker Pen Co., verksmiðjurekstur, Janesville í Wisconsin, Bandaríkjum N.-Ameríku.  
Orðið:

## **PARKER**

Samkvæmt tilkynningu 2. júní 1922, er merkið skrásett 20. mars 1923 fyrir lindarpenna og blýanta með hreyfanlegu blýi (mechanical pencils), pappír og ritföng.

*Skrás. 1927, nr. 53.*

Tilkynt 7. desember 1927, kl. 11 árd., af sama. Orðið:

## **DUOFOLD**

Samkvæmt tilkynningu 12. mars 1924, er merkið skrásett í Washington 4. nóvember s. á. fyrir penna og blýanta, pappír og ritföng.

*Skrás. 1927, nr. 54.*

Tilkynt 7. desember 1927, kl. 3 síðd., af H/f. Tóbaksverslun Íslands, verslunarrekstur, Reykjavík. Orðið:


## **MIX**

Merkið er skrásett fyrir allskonar reykþóbak.

*Skrás. 1927, nr. 55.*

106

Tilkent 9. desember 1927 kl. 11 árd., af Westminster Tobacco Co., Ltd., vindlagerð, London, Englandi.



Aflangur, rjetthyrndur flötur og í þessum fleti eru tveir rjetthyrndir reitir með auðu millibili og eru yfir hvorn reitinn dregin 9 þverstrík. Í reitnum vinstra megin er letrað orðið: COMMANDER á svörtu bandi með hvítum röndum, á ská frá vinstru horni að neðan í hægra horn að ofan. Í vinstra efra horni reitsins er mynd af kreptum hnefa á milli tveggja vængja. Í hægra horni að neðanverðu er letrað orðið: Westminster, og innan í baug þar fyrir neðan er letrað Tobacco Co., Limited, London. Í reitnum hægra megin flatarins er í miðju mynd af Westminster-byggingunni og er sporbaugur utan um myndina.

Merkið er skrásett í London 18. mars 1922 fyrir vindlinga.

Samkv. 10. gr. laga 13. nóv. 1903, um vörumerki, hafa eftirgreind merki verið endurnýjuð á árinu.

*Skrás. 1907, nr. 2.*

Det danske Petroleum A/S, Köbenhavn, frá 28. okt. 1927.

*Skrás. 1917, nr. 1.*

Joseph Watson & Sons, Ltd., Leeds, Englandi, frá 24. mars 1927.

*Skrás. 1917, nr. 4.*

Lever Brothers, Ltd., Port Sunlight, Englandi, frá 26. mars 1927.

*Skrás. 1917, nr. 5.*

Sami, frá 26. mars 1927.

106

*Skrás. 1917, nr. 7.*

Sami, frá 30. mars 1927.

*Skrás. 1917, nr. 9.*

Sami, frá 30. mars 1927.

*Skrás. 1917, nr. 10.*

Sami, frá 18. maí 1927.

*Skrás. 1917, nr. 11.*Sami f. h. Benjamín Brooke & Co., Ltd., Port Sunlight, Englandi,  
frá 23. maí 1927.*Skrás. 1917, nr. 12.*

Reynold, Sons &amp; Co., Ltd., London, Englandi, frá 12. sept. 1927.

Ennfremur hefir verið a f m á ð úr vörumerkjaskránni, samkv.  
12. gr. sömu laga:*Skrás. 1917, nr. 2.*

Melrose's, Ltd., Leith, Skotlandi, 24. mars 1927.

*Skrás. 1917, nr. 3.*

Hodgson &amp; Simpson, Ltd., Liverpool, Englandi, 26. mars 1927.

*Skrás. 1917, nr. 6.*

Lever Brothers, Ltd., Port Sunlight, Englandi, 26. mars 1927.

*Skrás. 1917, nr. 8.*

Sami, 30. mars 1927.

Skrifstofa vörumerkjaskráritarans í Reykjavík, 31. desbr. 1927.